



Lúxemborg, 18. október 2002

FRÉTTATILKYNNING 08/02

Dómur í máli E-7/01

Hegelstad Eiendomsselskap Arvid B. Hegelstad and Others gegn Hydro Texaco AS

Samkeppnislög - samningur milli bensínstöðvar og olúfyrirtækis

Í dómi sem kveðinn var upp í dag fjallaði EFTA-dómstóllinn um þá spurningu hvort og við hvaða skilyrði samningur milli olúburgðastöðvar og bensínstöðvar, sem gerður var til lengri tíma kynni að vera andstæður samkeppnisreglum EES-samningsins.

Mál þetta varðar beiðni um ráðgefandi álit frá Gulating lagmannsrett (Gulating Court of Appeal) í Noregi. Í máli sem þar er rekið er deilt um samning sem aðilar gerðu sín á milli, þar sem rekstraraðili bensínstöðvarinnar skuldbatt sig til að kaupa mótör- og smurolíu eingöngu frá tilteknu olúfyrirtæki. Gildistími samningsins var tíu ár með möguleika á framlengingu til fimm ára, nema olúfyrirtækið segði honum upp. Rekstraraðili bensínstöðvarinnar hafði aftur á móti engan rétt til að segja honum upp og var því bundinn við samninginn í 15 ár. Gulating lagmannsrett óskaði eftir ráðgefandi álit frá EFTA-dómstólnum um það hvort slíkur samningur væri samrýmanlegur samkeppnisreglum EES-samningsins.

Fyrir EFTA-dómstóllinn voru lagðar tvær spurningar. Í fyrsta lagi hvort samningur þessi fæli í sér ólöglegt samráð sem félli undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og hvort hann nyti þá þeirrar undanþágu sem kveðið er á um í 3. mgr. 53. gr. þar sem ákveða má að tilteknir samningar, sem annars falla undir bannákvæðið, skuli undanþegnir ákvæðum 1. mgr.

Að því er síðari spurninguna varðar geta þessar undanþágur aðeins átt við samninga sem gilda í tíu ár eða skemur. Samningurinn félli því ekki undir undanþáguna í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Að því er bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins varðar taldi dómstóllinn að samningur af því tagi sem um væri deilt í málinu hefði, þótt gildistími hans væri 15 ár, einn og sér óveruleg samkeppnishamlandi áhrif, til viðbótar við þau áhrif sem allir hliðstæðir samningar, sem féllu undir undanþáguna í 3. mgr. 53. gr., hefðu.

Að því er varðar afleiðingar þess að samningur fellur undir bannið í 1. mgr. 53. gr. taldi dómstóllinn að ákvæði 2. mgr. 53. gr. um ógildi samninga sem fara gegn 1. mgr. yrði að skýra þannig að aðeins þau ákvæði samningsins sem væru andstæð 1. mgr. væru sjálfkrafa ógild. Það kæmi í hlut dómstóls þess sem beðið hefði um álit, að meta áhrif þess á aðra hluta samningsins.

Dóminn í heild er að finna á slóðinni: <http://www.efta.int>.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er aðeins um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.